

Fundur 24. mars 2011

Mættir: Rakel, Hafsteinn Dan, Gunnar, Helgi, Þrándur, Ingólfur og Jónas.

1. Farið yfir síðustu fundargerð

2. Ársþingið o.fl.

Farið var yfir hlutverkaskiptingu fyrir ársþingið. Samþykkt var að Andri myndi skrifa um Kópavogur Open og HDK biðja Yuseif að skrifa um störf dómara nefndar.

Helgi ræddi um stöðu afreksstefnunnar og þá fundi sem hann hafði setið á vegum ÍSí vegna málsins. Hann kom með þá tillögu að biðja og sjá hvaða nýju hlutir yrðu samþykktir á þeim vettvangi sem yrði ramminn sem TSÍ yrði að setja sína afrekstefnuni í. Sú tillaga var samþykkt. Helgi stakk einnig upp á að fá kynningu á þessu málefni á ársþinginu. Var það samþykkt.

Rætt var um stöðu mála er lúta að nýrri tennishöll í Reykjavík. Samþykkt var að skrifa minnisblað sem Rakel og Helgi myndu taka saman og koma til Reykjavíkurborgar. Rætt var um þau rök sem ætti að tíunda í slíku minnisblaði.

3. Fjárhagsáætlun

Farið var yfir alla liði fjárhagsáætlunar, þ. á m. þróunarstyrk ITF, Tennis Europe, A-landslið kvenna, Ólympíumót Æskunnar, Þróunarmót 12 ára og yngri, hlutfall leikmanna í kostnaði við ferðir og hvað greitt er fyrir hvern hluta af verkefnum, þ. á m. ITN stjórnann. Ákveðið var að fresta afgreiðslu á þessum lið eftir nokkra umræðu. Einnig var rætt um Smáþjóðleikana.

Samþykkt var að A-landslið kvenna fengi a.m.k. 50.000 kr. til að sinna verkefnum í stað Fed Cup ferðarinnar. Samþykkt var að láta kr. 250.000 í Danmerkurferðina. Samþykkt var að leikmenn í landsliðsferðum yrðu a.m.k. að greiða kr. 35.000 sjálfur sem hlutfall þátttöku í ferðinni.

Rætt var um styrki vegna styrkumsókna Birkis og Rafn Kumars. Styrkumsókn var lögð fram fyrir hönd Hinriks. Stjórnarmenn voru sammála að styrkir væru bundnir við verkefni en ekki einstaklinga. Ákveðið var að fresta afgreiðslu á þessum lið eftir nokkra umræðu.

Fundi slitið.